

**12. fundur velferðarráðs**  
**haldinn Aðalstræti 75, neðri hæð, 11. janúar 2017 og hófst hann kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Heba Harðardóttir (HH) aðalmaður, Nanna Lilja Sveinbjörnsdóttir (NLS) aðalmaður, Jenný Lára Magnadóttir (JLM) varamaður, Kristín Brynja Gunnarsdóttir (KBG) aðalmaður og Arnheiður Jónsdóttir (AJ) félagsmálastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Arnheiður Jónsdóttir, Félagsmálastjóri

**Dagskrá:**

**1. Húsnæðisáætlanir, stofnframlög og skyldur sveitarfélaga gagnvart fötluðu fólki. - 1612024**

*Tekið fyrir bréf frá Landssamtökunum Þroskahjálpi þar sem samtökin hvetja stjórnendur sveitarfélaga eindregið til að huga sérstaklega að aðstæðum og þörfum fólks með þroskahömlun og fatlaðs fólks. Almenn þegar þeir gera áætlanir í húsnæðismálum og setja reglur og/eða taka ákvarðanir um veitingu stofnframlaga samkvæmt nýjum lögum sem um það gilda. Bréfið lagt fram til kynningar.*

**2. Úrskurðarhefnd velferðarmála varðar mál Sigríðar Guðbjartsdóttur - 1611021**

*Lagur var fram úrskuður Úrskurðarnefndar Velferðarmála vegna máls Sigríðar Guðbjartsdóttur. Fram kemur í úrskurði nefndarinnar að Vesturbyggð hafi sett reglur um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk og hafnað viðkomandi um akstur samkvæmt þeim reglum og staðfestir úrskurðarnefndin þá ákvörðun Velferðarráðsins. Úrskurðarnefndi beinir því til sveitarfélagsins að haga málsmeðferð sinni vegna umsókna framvegis innan eðlilegs tímaramma en nefndin setur út að hvað það dróst að svara umsækjanda samkvæmt gildandi reglum. Tekur Velferðarráðið það til sín.*

**3. Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning - 1701010**

*Velferðarráð leggur til að Bæjarstjórn / sveitastjórn samþykki framlagðar reglur um sérstakan húsnæðisstuðning sem sveitarfélaginu er skylt að setja sér samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016 og vísar þeim til afgreiðslu Bæjarstjórnar Vesturbyggðar og Sveitastjórnar Tálknafjararhrepps.*

**4. Jón Kr. Ólafsson - minningargjöf. - 1612025**

*Lagt fram bréf dags 23.nóvember 2016 frá Joni Kr Ólafssyni á Bíldudal þar sem tilkynnt er um málverkagjöf til Vesturbyggðar sem minningargjöf um þrjá látna vini Jóns frá Bíldudal. Höfundru málversins er Harry Rúnar Sigurjónsson. Velferðarnefndin tekur undir þakkir Bæjarráðs. Málverkinu verður fundin góður staður í húsnæði Læks félagsstarfi aldraðra á Bíldudal og mun félagsmálastjóri taka á móti því með formlegum hætti*

12. fundur velferðarráðs  
12. janúar 2017

<sup>18:00</sup>  
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. ~~19:30~~.

Heba H.  
Heba Harðardóttir (HH)

Nanna L. Sveinbjörnsd.  
Nanna Lilja Sveinbjörnsdóttir  
(NLS)

Jenny Lára Magnadóttir  
Jenny Lára Magnadóttir  
(JLM)

Kristín Br. Gunnarsd.  
Kristín Brynja Gunnarsdóttir  
(KBG)

Arnheiður Jónsdóttir  
Arnheiður Jónsdóttir (AJ)